



**10. fundur  
tómsunda- og æskulýðsnefndar norðurlþings  
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurlþings,  
mánudaginn 16. janúar 2012 og hófst hann kl. 15:30**

**Fundinn sátu:**

Hjálmar Bogi Hafliðason, Birna Björnsdóttir, Hafsteinn H Gunnarsson, Ingólfur Freysson, Sigríður Valdimarsdóttir, Jóhann Rúnar Pálsson,

**Fundargerð ritaði:** Jóhann Rúnar Pálsson, Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi

**Dagskrá:**

**1. 201110005 - Tómsunda- og æskulýðsstarf 2012**

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi fór yfir starfsemi málaflokksins; tómsunda- og æskulýðsmál. Fyrirhugað er að útbúa bækling á rafrænu formi þar sem íþrótta- og tómsundafélög geta kynnt starfsemi sína. Tómsunda- og æskulýðsnefnd leggur áherslu á mikilvægi málaflokksins með tilliti til áframhaldandi forvarnarstarfs.

**2. 201006081 - Leikvellir í sveitarfélaginu Norðurlþingi.**

Skv. tillögu nefndarinnar á fundi sínum 14. febrúar 2011 var lagt til að leiksvæði á Húsavík yrðu endurskilgreind og fækkað úr 16 í 10. Jafnframt yrði 1 leikvöllur endurnýjaður ár hvert.

Leikvöllurinn milli Baughóls og Uppsálavegar var endurnýjaður 2011. Tómsunda- og æskulýðsnefnd leggur til við Framkvæmda- og hafnarnefnd að leikvöllurinn við Túngötu verði endurnýjaður á árinu 2012

**3. 201201039 - Ungmennaráð Norðurlþings**

Tómsunda- og æskulýðsnefnd óskar eftir því við Ungmennaráð Norðurlþings að ráðið komi með tillögur að auknu samstarfi félagsmiðstöðva í Norðurlþingi. Tómsunda- og æskulýðsnefnd felur starfsmanni nefndarinnar að senda erindið til Ungmennaráðs Norðurlþings. Einnig er tómsunda- og æskulýðsfulltrúa falið að kynna starfsvið Tómsunda- og æskulýðsnefndar fyrir ráðinu.

**4. 201012049 - Frístundakort**

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi kynnti undirbúningsvinnu vegna frístundakorta ungmenna í sveitarfélaginu. Lagt er til að kortin verði í nafnspjaldastærð og fram komi nafn, fæðingarár og gildistími. Kortin munu vera árskort og gilda frá 1. janúar ár hvert.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa að kynna málið og ganga frá útgáfu kortanna.



**5. 201004090 - Sundlaugar Norðurþings**

Komið hafa fram óskir um það að í sundlaugum Norðurþings sé hægt að kaupa hressingu í einhverju formi s.s. kaffi, ís og svaladrykki. Tómsunda- og æskulýðsnefnd leggur það til að boðið sé upp á slíkt. Tómsunda- og æskulýðsfulltrúa falið að útfæra málið.

**6. 201009065 - Forvarnarmál**

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi fór yfir forvarnarmál í sveitarfélaginu. Í sveitarfélaginu er starfræktur forvarnarhópur með fulltrúum úr ýmsum hópum í samfélaginu. Hópurinn hittist mánaðarlega og fjallar um forvarnarmál í sveitarfélaginu. Tómsunda- og æskulýðsnefnd leggur áherslu á það að forvarnarmálum sé gert hátt undir höfði í sveitarfélaginu í víðu samhengi.

**7. 201201040 - Félagsmiðstöðvar**

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi kynnti starfsemi og fyrirkomulag félagsmiðstöðva Norðurþings.

**8. 201003092 - Skíðamannvirki Norðurþings.**

Umræða um öryggismál í skíðabrekkunni við Skálamelinn. Búið er að setja upp skilti þar sem ítrekað er að börn og ungmenni séu á ábyrgð foreldra og hvatt er til þess að viðeigandi öryggisbúnaður sé notaður. Fjölga þyrfti öryggishjálum til útláns í brekkunni. Einnig er nauðsynlegt að starfsmanni skíðasvæðis sé tryggður aðgangur að snjósleða. Tómsunda- og æskulýðsnefnd felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa að fylgja málinu eftir.

**9. 201006080 - Sparkvellir á Kópaskeri og á Raufarhöfn!**

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúa falið að hefja viðræður við ungmennafélögin á Raufarhöfn og Kópaskeri um mögulega uppbyggingu sparkvalla.

**10. 201111032 - Fimleikadeild Völsungs sækir um styrk vegna Danmerkurferðar í ágúst 2012**

Fimleikadeild Völsungs sækir um styrk vegna ferðar til Danmerkur í ágúst 2012.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd samþykkir styrk upp á 200.000 krónur.

**11. 201201041 - Hugmyndasmiðjan**

Arnhildur Pálmadóttir og Sigríður Hauksdóttir sækja um styrk vegna verkefnisins Hugmyndasmiðjan. Hugmyndasmiðjan hefur verið í gangi síðan 2009 og þá fyrst sem sumarnámskeið fyrir börn og unglunga frá 10 ára aldri. Markmiðið með verkefninu er að opna augu fólks fyrir



umhverfinu þannig að það sjái tækifæri í þeim hlutum sem eru þeim hversdagslegir og uppgötvu umhverfi sitt og íbúa á annan hátt en áður. Einnig að ýta undir listáhuga og umhverfisvitund. Tómsunda- og æskulýðsnefnd samþykkir styrk uppá 200.000 krónur.

**12. 201112055 - Helena Eydís Ingólfsdóttir sendir inn erindi varðandi aðstöðu til íþróttaiðkunar á Húsavík**

Helena kemur með hugmyndir er lúta að uppbyggingu íþróttamannvirkja á Húsavík.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd þakkar Helenu fyrir bréfið og þær ábendingar sem hún hefur fram að færa.

**13. 201105088 - UMFÍ til kynningar**

UMFÍ óskar eftir því að gera samninga við sveitarfélög, skóla og gistiheimili um gistingu á afsláttarkjörum fyrir ungmennafélaga. Einnig að óska eftir því við sveitarfélög að þau veiti hópum sem eru í íþróttakeppni eða öðrum samskiptum afsláttarkjör í skólum viðkomandi sveitarfélags. UMFÍ óskar eftir svari við þessari málaleitan.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa að svara erindinu.

**14. 201002015 - Gjaldskrárbreytingar íþróttamannvirkja!**

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi kynnti gjaldskrárbreytingar íþróttamannvirkja fyrir árið 2012.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd leggur það til að mánaðarkort sundlauga kosti 5.500 krónur.

**15. 201106024 - UMFÍ unglíngalandsmót, vinna að undirbúningi**

Á fundi Tómsundar- og æskulýðsnefndar 31. ágúst 2011 var farið fram á rökstuðning af hálfu UMFÍ varðandi valið á mótsstað 2014 og jafnframt óskað eftir framtíðarsýn UMFÍ á unglíngalandsmótum framtíðarinnar er varðar aðstöðu og tilgang.

Í svari UMFÍ kemur fram að unnið sé að vinnureglum vegna umsókna að landsmótum á vegum UMFÍ.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd ákveður að fresta málinu til næsta fundar.

**16. 201106026 - Fjárhagsáætlun tómsunda- og æskulýðsnefnd 2012**

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi lagði fram fjárhagsáætlun Tómsunda- og æskulýðsnefndar.

10. fundur tómsunda- og æskulýðsnefndar norðurlands  
18. janúar 2012



**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10**